

## Sumarbúðir skáta Úlfljótsvatni

### Skilmálar: Sumarbúðir og útivistarnámskeið

1. Í sumarbúðum og útivistarnámskeiðum eru teknar myndir af þátttakendum í leik og starfi, þeim til ánægju og til að veita foreldrum og forsjáraðilum innsýn í daglegt starf námskeiðanna. Myndir sem teknar eru, þ. á m. af þátttakendum, geta verið birtar á heimasíðu og í öðru kynningarstarfi Útlífsmiðstöðvar skáta.  
Ef forsjáraðili vill alls EKKI að tekin sé mynd af barni sínu, óskum við eftir að það sé tekið fram við skráningu í viðburðinn.
2. Meðferð persónugreinanlegra upplýsinga sem skráðar eru vegna þátttöku er í samræmi við samþykktu persónuverndarstefnu BÍS sem finna má hér (<https://skatarnir.is/personuverndarstefna/>)
3. Ef hætt er við þátttöku meira en mánuði áður en sumarbúðir eða útivistarnámskeið hefjast er gjaldið endurgreitt að fullu. Ef hætt er við þátttöku 7-30 dögum áður en sumarbúðir eða útivistarnámskeið hefjast er 50% gjaldsins haldið eftir. Ef hætt er við þátttöku minna en 7 dögum áður en sumarbúðir eða útivistarnámskeið hefjast er þátttökugjald ekki endurgreitt.
4. Hætti þátttakandi við, eða er sóttur, á meðan á sumarbúðum eða útivistarnámskeiði stendur, fæst þátttökugjald ekki endurgreitt. Starfsfólk Útlífsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni gerir sitt besta í að bæta líðan þeirra sem finna til heimþrár eða annarrar vanlíðan, og hefur foreldra/forráðafólk með í ráðum ef tilefni þykir til.
5. Að dvelja í sumarbúðum eða á útivistarnámskeiði getur verið dýrmæt og eftirminnileg reynsla. Ein af grunnforsendum þess er að allir þátttakendur sýni í verki góða hegðun og virðingu gagnvart öðrum þátttakendum og starfsfólki. Í tilfellum þar sem þátttakandi kemur ítrekað í veg fyrir jákvæða upplifun annarra þátttakenda áskilur Útlífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni sér rétt til að fara fram á að þátttakandi sé sóttur og skulu foreldrar/forráðafólk þá verða við þeirri ósk samdægurs. Það sama gildir ef þátttakandi sýnir af sér ógnandi hegðun, einelti eða ofbeldi gagnvart öðrum þátttakendum eða starfsfólki. Komi til þess að óskað sé eftir því að þátttakandi verði sóttur fæst þátttökugjald ekki endurgreitt.

6. Verði þátttakandi valdur að tjóni hvort heldur er gagnvart Útlífsmiðstöð skáta, starfsmönnum eða þátttakendum á hennar vegum kann hann að vera skaðabótaskyldur.
7. Fyrir dvöl í sumarbúðum eða á útivistarnámskeiði fá þátttakendur sendan útbúnaðarlista. Foreldrar/forráðafólk skal tryggja að þátttakendur komi með viðeigandi fatnað og búnað, og að allur fatnaður og búnaður sé merktur með nafni og símanúmeri. Útlífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni ber ekki ábyrgð á fatnaði eða búnaði þátttakenda á meðan á dvöl stendur.
8. Óskilamunir enda í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123 í Reykjavík, og hægt er að vitja þeirra þar. Sé óskilamuna ekki vitjað innan 4 vikna áskilur Útlífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni sér rétt til að ráðstafa þeim.
9. Útlífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni getur þurft að aflýsa sumarbúðum, námskeiðum eða öðrum viðburðum vegna gildra og óviðráðanlegra aðstæðna s.s. vegna náttúruhamfara, hryðjuverka, stríðs, heimsfaraldra o.fl. Við þessar aðstæður áskilur Útlífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni sér rétt til þess að endurgreiða ekki þátttökugjaldið, þótt ávallt sé leitast eftir að hámarka endurgreiðslu til þátttakenda.